

Fundur foreldrafélags Grunnskóla Stykkishólms 4. Október 2011, kl. 18:00

Mætt voru: María Jónasdóttir (6.bekkur), Sigurdís Gísladóttir (6.bekk), Kristín H. Víðisdóttir, Málfríður G. Blöndal (7.bekkur), Sigrún Þorgeirsdóttir (5.bekkur), Páll Aðalsteinsson (1.bekkur), Ólafur Guðmundsson (7. Bekkur), Selma Rut Þorkelsdóttir og Gunnar Garðarsson (3. Bekkur) Magnús Ingi Bæringsson (2. Bekkur), Guðný Vilborg Gísladóttir (8. Bekkur)

1. Tilnefning fulltrúa í skólanefnd og fulltrúa í skólaráð.

Guðbrandur Gunnar Garðarsson gaf kost á sér til setu í skólanefnd og hlaut hann lof og samþykki fundarins. Málfríður Gylfadóttir Blöndal var skipuð fulltrúi í skólaráð.

2. Ákvörðun á tímasetningu fyrir jólafundur.

Umræður um tímasetningu og að skemmtilegra væri að búið væri að skreyta allar stofur þegar fönndrið færi fram. Stungið var upp á þriðjudeginum 6. desember og var það samþykkt. Nánari útfærslur og hvort skipta eigi aldurshópum á tvo daga líkt og gert var á síðasta ári, veður ákveðið á næsta fundi. 1. nóvember.

3. Handbók foreldrafulltrúa tillögur að uppsetningu og úrvinnslu.

Lögð var fyrir fundinn sambærileg handbók og foreldrafélag Brekkuskóla á Akureyri hefur komið sér upp. Umræður voru um hvernig best færi á því að þessi vinna færi fram. Ákveðið að hver og einn kæmi með tillögur að efni í bókina með því að senda þær á formann fyrir næsta fund. Í framhaldi yrði óskað eftir samstarfi við skólann og eldri nemendur skólans sem stunda nám í tölvuvinnslu með að setja handbókina upp á tölvutæku formi.

4. Hugmyndir að starfi vetrarins fræðslu og viðburðum.

Uppástunga um fræðsluefni frá Blátt áfram. María Jónasdóttir tók að sér að kanna verð og nánari uppsetningu á efninu.

Í samvinnu við Skólanefnd mun verða boðið upp á fræðslu og varnir gegn tölvufíkn og annað sem ber að varast við tölvunotkun.

Þar sem félagið hefur haft úr litlu fjármagni að spila var því velt upp hvort athuga mætti með styrki til að halda úti fræðslufyrirlesturum. Einnig að leitast við að samnýta fyrirlesara hjá leik og grunnskóla.

5. Önnur mál

Til að hægt verði að senda út félagsgjöld þarf að útvega lista yfir nöfn og kennitölur foreldra eða forráðamanna barna í skólanum. Magnús mun koma því til Kristínar gjaldkera.

Næsti fundur þriðjudaginn 1. nóvember.

Fundi slitið kl. 18:35